



Félagsheimilið Aratunga. Gjaldskrá útleigu.

Leiguverð Félagsheimilisins Aratunga miðast við þá notkun sem er á húsinu hverju sinni, þ.e. það umfang sem þeirri notkun fylgir. Leiguverðið miðast við þá aðstöðu sem húsið hefur að bjóða í húsbúnaði, áhöldum og tækjum. Leigutakar skulu skila húsnæði, húsbúnaði, áhöldum og tækjum í ekki verra ásigkomulagi en þeir tóku við því, að undanskyldum eðlilegum þrifum á gólfum. Verði skemmdir á fyrrnefndum þáttum skal leigutaki greiða þær skemmdir. Sé óskað eftir uppröðun borða og/eða stóla greiðist sérstaklega fyrir slíkt í samræmi við það umfang sem því fylgir. Leiguverð getur verið misjafnt eftir því hvort notkun er á rauðum-eða almennum degi. Rauðir dagar eru skilgreindir almennir frídagar og frá kl. 18.00 deginum þar á undan. Aðrir dagar flokkast sem almennir dagar. Fulltrúi félagsheimilisins er með eftirlit í húsinu meðan á notkun stendur.

Félagsheimilið Aratunga rekur ekki veitinga- eða smásölu í tengslum við þá atburði sem verða í húsinu. Leigutaka ber að leggja fram þá starfsmenn sem Félagsheimilið Aratunga telur þurfa við hina einstöku notkun, s.s. dyraverði þegar það á við. Vegna rekstrarábyrgðar hússins verða þessir starfsmenn að samþykkjast af fulltrúa félagsheimilisins áður en þeir teljast gjaldgengir til þeirra starfa sem þeim er ætlað.

Leiguverðið er gefið upp með 25,5% virðisaukaskatti, en undanskyldum þeim skattir eru eingöngu leiksýningar og tónleikar.

- Leiga 1.: **kr. 235.000.-**
 Árshátíðir, þorablót og aðrar innansveita skemmtanir sem kalla á að allt húsið sé meira og minna undirlagt í 12 til 24 klst., viðmiðun frá kl. 14.00 viðkomandi dag. Innifalið í leigu eru afnot af húsi og húsbúnaði, skemmtanaleyfi, stefgjöld og þrif (í samræmi við frágang).
- Leiga 2.: **kr. 222.000.-**
 Dansleikir og aðrar innansveita skemmtanir sem kalla á að allt húsið sé meira og minna undirlagt í allt að 12 klst, viðmiðun frá kl 18.00 viðkomandi dag. Innifalið í leigu eru afnot af húsi og húsbúnaði, skemmtanaleyfi, stefgjöld og þrif (í samræmi við frágang).
- Leiga 3.: **kr. 87.500.-**
 Veislur, leiksýningar og sambærilegar innansveita uppákomur sem kalla á að allt húsið sé meira og minna undirlagt í allt að 8 til 10 klst, viðmiðun frá kl 16.00 viðkomandi dag. Innifalið í leigu eru afnot af húsi, húsbúnaði og þrif (í samræmi við frágang).
- Leiga 4.: **kr. 70.100.-**
 Veislur, fundir og sambærilegar innansveita uppákomur sem kalla á að allt húsið sé meira og minna undirlagt í allt að 6 til 8 klst, viðmið frá kl. 18.00 viðkomandi dag. Innifalið í leigu eru afnot af húsi, húsbúnaði og þrif (í samræmi við frágang).
- Leiga 5.: **kr. 33.000.-**
 Veislur, fundir, og aðrar sambærilegar innansveita uppákomur sem kalla á aðstöðu í annað hvort litla eða stóra sal í allt að 4 klst rauða daga, viðmiðunartími milli kl. 12.00 og kl. 24.00 viðkomandi dag. Innifalið í leigu eru afnot af húsi, húsbúnaði og þrif (í samræmi við frágang).
- Leiga 6.: **kr. 24.500.-**
 Veislur, fundir, og aðrar sambærilegar innansveita uppákomur sem kalla á aðstöðu í annað hvort litla eða stóra sal í allt að 4 klst almenna daga, viðmiðunartími milli kl. 08.00 og kl. 24.00 viðkomandi dag. Innifalið í leigu eru afnot af húsi, húsbúnaði og þrif (í samræmi við frágang).

Leiga 9.:

kr. 192.000.-

Helgarleiga vegna ættarmóta, eða álíkra samkomna, sem kalla á að allt húsið sé meira og minna undirlagt í 12 til 24 klst., viðmiðun frá kl. 14.00 á föstudegi til kl. 14.00 á sunnudegi.

Innifalið í leigu eru afnot af húsi og húsbúnaði og þrif (í samræmi við frágang). Ekki eru innifalin STEFgjöld, skemmtanaleyfi. Greiða þarf aukalega fyrir aukin þrif eða aukna þjónustu starfsmanna. **Ath.: Ekki er heimilt að sofa í húsinu.**